# REIKNINGUR

**Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2014.**

## Rekstrarreikningur árið 2014

| | þús. kr. |
|---|---|
| **Tekjur** | |
| Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | 409.002 |
| Sala fasteigna | 56.500 |
| Húsaleiga | 11.040 |
| Tekjur alls | 476.542 |
| **Framlög** | |
| Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga | 540.000 |
| **Rekstrarkostnaður** | |
| Laun og launatengd gjöld | 804 |
| Annar rekstrarkostnaður | 10.039 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 10.843 |
| Framlög og gjöld alls | 550.843 |
| Rekstrarhagnaður | ( 74.301) |
| Hreinar fjármunatekjur | 110.664 |
| Tekjuafgangur ársins | 36.363 |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| | |
|---|---|
| **Eignir** | |
| *Fastafjármunir:* | |
| Skuldabréf | 2.307.415 |
| Fastafjármunir samtals | 2.307.415 |
| *Veltufjármunir:* | |
| Áfallnar vaxtatekjur | 34.054 |
| Aðrar skammtímakröfur | 53.370 |
| Næsta árs afborganir skuldabréfa | 116.364 |
| Bankareikningar | 441.643 |
| Skammtímakröfur samtals | 654.431 |
| **Eignir alls** | 2.952.846 |
| **Skuldir og eigið fé** | |
| **Eigið fé:** | |
| Höfuðstóll | 2.945.282 |
| **Skammtímaskuldir:** | |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | 6.811 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 753 |
| Skammtímaskuldir samtals | 7.564 |
| Skuldir samtals | 7.564 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | 2.952.846 |

## Sjóðstreymi árið 2014

| | |
|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | |
| *Veltufé frá rekstri:* | |
| Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi | 36.363 |
| Verðbætur skuldabréfa | ( 31.728) |
| Veltufé frá rekstri | 4.635 |
| *Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:* | |
| Skammtímakröfur (hækkun), lækkun | ( 65.272) |
| Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun | 3.610 |
| | ( 61.662) |
| **Handbært fé frá rekstri** | ( 57.027) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | |
| Skuldabréf | 0 |
| Afborganir | 126.748 |
| Fjárfestingahreyfingar | 126.748 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 69.721 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 374.922 |
| Handbært fé í árslok | 444.643 |

## Staðfesting ársreiknings

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 var stofnaður sérstakur fasteignasjóður, Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem annast fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða.

Á árinu 2014 var tekjuafgangur sjóðsins 36,4 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 2.952,9 m.kr., skuldir 7,6 m.kr. og eigið fé 2.945,3 m.kr.

Innanríkisráðherra og formaður ráðgjafarnefndar sjóðsins staðfesta ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2014 með áritun sinni.

*Reykjavík, 30. desember 2015.*

**Ólöf Nordal**
innanríkisráðherra.

*Lúðvík Geirsson,*
formaður ráðgjafarnefndar
Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs
sveitarfélaga.

## Áritun endurskoðenda

Til innanríkisráðuneytis og ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda.**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit.**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2014, efnahag 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

*Ríkisendurskoðun, 30. desember 2015.*

**Sveinn Arason** ríkisendurskoðandi.

*Sigurgeir Bóasson*
endurskoðandi.

__________